

Katrín Jakobsdóttir  
Menntamálaráðherra  
Sölvhólgötu 4  
150 Reykjavík

Reykjavík 26. mars 2010

### Efni: Neytendafræðsla


Þann 26. nóvember 2009 áttu fulltrúar Neytendasamtakanna góðan fund með þér og fulltrúum ráðuneytisins þar sem samtökin kynntu áherslur sínar í neytendafræðslu.

Neytendasamtökin vilja með erindi þessu ítreka mikilvægi þess að neytendafræðsla fái aukið vægi í menntakerfinu. Meðal þess sem samtökin leggja til er eftirfarandi:

- Efla þarf neytendafræðsluráð og ætti ráðið þá að heyra beint undir ráðherra og fulltrúar ættu að vera skipaðir af honum og samkvæmt tilnefningum.
- Neytendafræðsla og fjármál ættu að vera sérstök námsgrein á unglingastigi grunnskólans.
- Lífsleikni í framhaldsskólum ætti að vera skipt upp í einingar, þar sem fjármál og neytendafræðsla er tilgreind sérstaklega sem sjálfstæð námsgrein.
- Neytendasamtökin bjóða fram aðstoð við að uppfæra og finna námsefni, þannig að skortur á námsefni ætti ekki að vera vandamál.
- Menntamálayfirvöld eiga að setja reglur um sölumennsku í framhaldsskólum. Einnig má hugsa sér siðareglur sem hverjum framhaldsskóla verði gert að setja sér.

Neytendasamtökin hafa í áratugi bent á mikilvægi þess að neytendafræðsla sé kennd í skólum enda er neytendum ætlað mikið hlutverk í nútímasamfélagi. Því miður hefur lítið fengist áorkað í þessum málum og því hvetja Neytendasamtökin þig til að fylgja eftir þeim áherslum sem fram komu á umræddum fundi.

Virðingarfyllst f. h. Neytendasamtakanna

  
Þuríður Hjartardóttir, framkvæmdarstjóri

Auk Brynhildar Pétursdóttur og Ragnhildar Guðjónsdóttur